

Sp.

534. Nefndarálit

um till. til þál. um linurit yfir vegi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt þáttill. á þskj. 199. Er hún sammála um, að nauðsyn beri til þess að afla þeirra upplýsinga um vegakerfi landsins, sem þar um ræðir, en vildi hins vegar, að gengið væri nokkru lengra um upplýsingar í sambandi við þetta mál en þáttill. kveður á um, þar sem nauðsynlegt sé einnig að vita, að hve mörgum bæjum megi flytja vörur eftir akfærum vegum og að hve mörgum bæjum verði enn að flytja þær eftir vegleysum. Þá þótti nefndinni einnig nauðsynlegt að ákveða í þáttill., við hvaða tíma linuritið og upplýsingarnar skyldi miða, og jafnframt að kostnaðurinn við verkið skyldi greiddur úr ríkissjóði og teljast með skrifstofukostnaði vegamála skrifstofunnar, sem að sjálfsögðu léti framkvæma verkið. Nefndin var því sammála um að mæla með því, að þáttill. yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Á eftir 4. lið c. komi 3 nýjar málsg. sgr., svo hljóðandi:

Með linuritinu skulu fylgja upplýsingar um, að hve mörgum bæjum í hverri sýslu sé unnt að flytja vörur eftir vegum í a- og b-flokkum hér að ofan og að hve mörgum bæjum í hverri sýslu sé aðeins unnt að flytja vörur eftir vegum í c-flokkum hér að ofan.

Upplýsingarnar skal miða við 1. jan. 1944. Þó skal taka tillit til þess, ef einstakir vegir eiga óeyddar fjárveitingar, sem ekki hefur verið unnið fyrir.

Kostnaður við framkvæmd tillögunnar greiðist úr ríkissjóði og telst með skrifstofukostnaði vegamála skrifstofunnar.

Alþingi, 29. nóv. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.	Gisli Jónsson, frsm.
Sigurður Þórðarson.	Jón Sigurðsson. Ásgeir Ásgeirsson.	Páll Zóphóniasson.